



Nr. 1/1961.

Föstudaginn 10. febrúar 1961.
**Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h.
Útvegsmannafélags Akraness**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Akraness, sjómanna- og vélstjóradeild**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.

Synjað um frávísun.

Úrskurður:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 19. janúar þ. á., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Akraness gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness, sjómanna- og vélstjóradeild.

Stefnandi gerir þær dómkröfur:

1. að dæmt verði, að stefndi hafi að undangenginni fundarsamþykkt 3. janúar s. l. hafið ólögmeta vinnustöðvun eða ólögmett verkfall, sem beint hafi verið gegn stefnanda,
2. að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar fyrir ólögmeta vinnustöðvun.
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 225.000.00, vegna ólögmetrar vinnustöðvunar, og
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að stefnandi telur, að stefndi hafi efnt til ólöglegs verkfalls dagana 4. til 14. janú-

ar s.l., en kjarasamningar málsaðilja voru þá fallnir úr gildi fyrir uppsögn. Eigi er þörf að sinni að fara frekar út í efni málsins, en aðeins skal þess getið, að þegar mál þetta var höfðað og þingfest hinn 19. f. m. stóðu yfir samningaumleitanir milli sjómanna og útgerðarmanna á Akranesi um kaup og kjör. Leiddu þær samningatilaunir til þess, að samninganefndir beggja aðilja undirrituðu hinn 24. janúar s.l. uppkast að nýjum kjarasamningi, sem þær höfðu orðið ásáttar um og ganga skyldi í gildi sem fullgildur kjarasamningur, að því tilskildu, að hann yrði samþykktur í þeim félögum vinnuveitenda og sjómanna, sem að samningaumleitunum stóðu.

En jafnframt þessu samningsuppkasti undirrituðu samninganefndirnar sama dag svohljóðandi yfirlýsingu:

„Samninganefnd sjómannasamtakanna innan A. S. Í. annars vegar og samninganefnd L. Í. Ú. hins vegar eru sammála um að láta niður falla allar kröfur, sem hvor aðilinn um sig kann að eiga á hinn í sambandi við vinnudeilu þessa.

Sigurður H. Egilsson, framkvæmdastjóri, sem fjallar um mál Útvegsmannafélags Akraness gegn Verkalýðsfélagi Akraness, vélstjóra- og sjómannadeild, samþykkir fyrir sitt leyti að falla frá máli því, sem nú er rekið fyrir Félagsdómi og stuðla að því, að útvegsmenn á Akranesi láti málið niður falla.

Reykjavík, 24. janúar 1961.

F. h. Sjómannasamtaka A. S. Í.

Snorri Jónsson, Jón Sigurðsson, Sig. Stefánsson.

F. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna

Sverrir Júlíusson, Sig. H. Egilsson, Ingvar Vilhjálmsson.

En þegar samningsuppkast samninganefndanna var horið undir atkvæði í Verkalýðsfélagi Akraness — m. a. sjómanna- og vélstjóradeild þess, fóru leikar svo, að samkomulagið var fellt og hafa ekki enn komist á samningar.

Á dómþingi 7. þ. m. lagði stefndi fram framangreinda yfirlýsingu og kvaðst mundu gera kröfu til þess, að mál-

inu yrði vísað frá dómi. Fékk hann þá frest til greinargerðar um þá kröfu til 9. þ. m. Þann dag kom málið fyrir af nýju og var þá tekið til munnlegs málf lutnings um það, hvort vísa bæri því frá Félagsdómi og fór sá málf lutningur samstundis fram. Gerði stefndi þá kröfu að-allega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krafðist hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi mótmælti því hins vegar, að kröfur stefnda yrðu teknar til greina og krafðist málskostnaðar úr hendi hans.

Stefndi hefur rökstutt kröfu sína um frávísun með því, að með framanrituðu samkomulagi frá 24. janúar þ. á., um að niður skuli falla allar kröfur í sambandi við um-rædda vinnudeilu, hafi skilorðslaust af hálfu stefnanda verið samið um það, að mál þetta skyldi fellt niður og beri því að vísa því frá dómi, þar sem stefnandi hafi eigi viljað fullnægja þessari skuldbindingu sinni.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt þessari skoðun stefnda og heldur því fram, að samkomulagið um að fella niður allar kröfur í sambandi við vinnudeiluna, og þá einnig dómsmál þetta, hafi verið því skilyrði bundið, að samningar tækjust í yfirstandandi kjaradeilu. Úr því hafi ekki orðið og sé því eigi nú fyrir hendi nein skylda á stefnanda til þess að fella málið niður, auk þess sem yfirlýsingin frá 24. janúar s.l. beri það beinlínis með sér, að niðurfelling málsóknar þessarar hafi verið háð sam-þykki útvegsmanna á Akranesi.

Það er alkunnugt, að það tíðkast mjög hér á landi, þegar vinnudeilum eða verkföllum lýkur og kjarasamningar eru gerðir, að aðiljar ganga frá yfirlýsingum þess efnis, að allar sakir skuli niður falla milli þeirra útaf ágreiningsatriðum, sem upp hafa komið í sambandi við vinnu-deilurnar. Eru slíkar yfirlýsingar við það miðaðar, að endanlegir samningar hafi tekist.

Eigi hefur verið sýnt fram á eða líkur að því færðar, að það hafi verið tilætlun stefnanda að fella mál þetta niður, hvað sem liði endanlegu samþykki þess samnings-

uppkasts, sem samninganefndirnar höfðu orðið ásáttar um. Verður því að telja, enda er það eðli málsins samkvæmt, að samþykki stefnanda fyrir niðurfellingu málsins hafi verið því skilyrði bundið, að kjarasamningar kæmst á milli sammingsaðilja. Úr því varð þó eigi vegna þess, að félagsmenn stefnda felldu sammingsuppkast það, sem samninganefndirnar lögðu fyrir þá til samþykktar og staðfestingar, og hafa samningar eigi enn tekizt með aðiljum málsins. Verður frávísunarkrafa stefnda þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað í sambandi við dóm í málinu.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um frávísun málsins verður eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 11. apríl 1961.

Nr. 4/1960.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Framsóknar

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jörundssonar

(Einar Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Skaðabótamál. Vinnuveitanda eigi talið skylt, að greiða kaup í veikindaforföllum vegna meiðsla, er verkakona hlaut á ferð sinni til vinnustaðar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 8. desember f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Framsóknar vegna Aðalbjargar Bjarna-